

Íslensk málnefnd

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2011

9. nóvember 2011

Undanfarið hafa fregnir borist af minnkandi bóklestri og dvínandi lesskilningi íslenskra barna og unglunga. Á sama tíma hafa fjárveitingar til skólabókasafna dregist saman. Þá hefur verið vakin athygli á því að í íslenskum grunnskólum sé minni tíma varið til móðurmálskennslu en í grunnskólum annars staðar á Norðurlöndum og að kennaraefni hér á landi fái sífellt minni menntun í íslensku. Þetta eru alvarleg tíðindi.

Staðan

Rannsóknir benda til þess að verulega hafi dregið úr bóklestri barna og unglunga undanfarin ár. Árið 1968 kváðust 11% barna á aldrinum 10–14 ára ekki hafa lesið neina bók undanfarna þrjátíu daga en árið 2009 var hlutfallið komið í 28% og hæst fór það í 33% árið 2003 (Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir 2009: 258–59). Í nýlegri könnun á lestrarvenjum 15–16 ára unglunga í 35 Evrópulöndum kvaðst að meðaltali um 21% aldrei lesa bækur sér til skemmtunar. Á Íslandi var hlutfallið hærra eða 23% (Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason 2010). Í könnun sem mennta- og menningarmálaráðuneytið lét vinna fyrir á þessu ári kom í ljós að nær fjórðungur nemenda í 5., 6. og 7. bekk les engar bækur aðrar en skólabækur (Hrefna Pálsdóttir o.fl. 2011:69). Samfara minnkandi lestri hefur lesskilningi hrakað, eins og fram hefur komið í könnunum OECD-PISA (Almar M. Halldórsson o.fl. 2010, Almar Miðvík Halldórsson 2011, sbr. Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur o.fl. 2011).

Á sama tíma hafa skólabókasöfn víða mátt sæta niðurskurði. Sérmenntuðu starfsfólki skólabókasafna hefur sums staðar verið fækkað, afgreiðslutími stytur og fjárveitingar til bókakaupa hafa minnkað mikið. Niðurskurður á bókakaupafé hefur fyrst og fremst bitnað á kaupum á skáldverkum ætluðum börnum og unglingum (Brynhildur Þórarinsdóttir 2011). Í íslenskum grunnskólum er minni tíma varið til móðurmálskennslu en í grunnskólum annars staðar á Norðurlöndum, eins og Íslensk málnefnd hefur áður vakið athygli á (*Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2009*). Enda þótt hlutfall móðurmálskennslu í

viðmiðunarstundaskrá í nýrri *Aðalnámskrá grunnskóla* (2011) hafi þokast úr 16,1% í 18,08% eru Íslendingar þó enn eftirbátar annarra Norðurlandþjóða í þessu efni.

Á undanförunum árum hefur dregið mjög úr íslenskukennslu í kennaranámi hér á landi. Við Háskólann á Akureyri eru skyldunámskeið í íslensku aðeins 18 einingar í 300 eininga kennaranámi. Við Menntavísindasvið Háskóla Íslands er íslenska ekki lengur hluti af skyldunámi kennaraefna í núverandi námsskipan og því geta kennaranemar lokið þar námi án þess að hafa fengið eitt einasta námskeið í íslensku á háskólastigi, eins og Íslensk málnefnd hefur áður vakið athygli á (*Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2009*).

Meðal jákvæðra þátta má nefna að undanfarin ár hefur verið unnið ötullega að því á ýmsum sviðum að ýta undir bóklestur. Læsi er einn sex grunnþátta þeirrar menntastefnu sem lýst er í nýrri *Aðalnámskrá grunnskóla* (2011) og í *Stefnu og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2010* er mælt fyrir um að hver grunnskóli móti þriggja ára áætlun um hvernig efla skuli málþroska og læsi. Verkefnið *Bókaormar* (<http://bokaormar.khi.is/>) hefur glætt lestraráhuga verulega og í *Stóru upplestrarkeppninni* (<http://upplestur.hafnarfjordur.is/>) eru nemendur í sjöunda bekk um allt land hvattir til dáða í lestri og framsögn. Barnabókmenntasamtökin IBBY (<http://ibby.is/>) hafa vakið áhuga á barnabókmenntum og Menntaráð Reykjavíkur hefur veitt barnabókaverðlaun ár hvert nú um langa hríð. Þá gengust Samtök móðurmálskennara á síðasta ári fyrir sérstakri ráðstefnu um læsi og eitt hefti *Skímu*, tímarits samtakanna, var helgað læsi. Gildi hvatningarstarfs af þessum toga er ótvírætt og vekur vonir um að snúa megi þróuninni við.

Horfurnar

Lestur er grundvallarfærni í nútímasamfélagi, bæði í námi og starfi, og nauðsynlegur fyrir þróun og viðgang lýðræðis. Jafnframt gegnir bóklestur veigamiklu hlutverki í því að byggja upp orðaforða barna og unglunga og þroska tilfinningu þeirra fyrir ólíkum mál-sniðum og stíltegundum. Bóklestur er því mikilvægur þáttur í máltöku og gegnir afar miklu hlutverki í að tryggja samhengi í máli á milli kynslóða. Vitanlega hefur framboð á ýmiss konar afþreyingu aukist mikið undanfarin ár og það á sinn þátt í minni lestri barna og unglunga en mikilvægi lestrar hefur þó alls ekki minnkað. Málumhverfi barna og unglunga hefur líka breyst gríðarlega undanfarin ár. Börn og unglingar lesa mikið á ensku á Netinu og í tölvuleikjum. Lestur á móðurmálinu gegnir lykilhlutverki í að auka mótstöðu-afl íslenskrar tungu gagnvart áhrifum annarra tungumála.

Rannsóknir hafa líka sýnt tengsl lesskilnings og áhuga á bóklestri (Almar M. Halldórsson 2006, Strommen og Mates 2004) og að ánægja af bóklestri er einn helsti forspárþátturinn fyrir gott gengi í lesskilningi í PISA-könnunum (Almar M. Halldórsson 2006). Ef áfram dregur úr lestri og lesskilningi barna og unglunga hlýtur það að koma niður á árangri í skólakerfinu, ekki aðeins í grunnskólum og framhaldsskólum heldur einnig á háskólastigi.

Aðgerðir

Til að verulegur árangur náist í að efla lestur og lesskilning þurfa fleiri að leggjast á áramnar, börn, foreldrar og uppallendur, skólakerfið og samfélagið allt. Allir þurfa að sameinast um það markmið að efla lestraráhuga íslenskra barna og unglínga og þar með læsi og lesskilning. Það stuðlar aftur að bættum námsárangri íslenskra nemenda og sterkari stöðu þjóðarinnar í alþjóðlegum samanburði. Íslensk málnefnd leggur til eftirfarandi aðgerðir:

- Athygli barna og unglínga verði vakin á gildi lestrar og góðar fyrirmyndir verði skapaðar í þeim efnum.
- Athygli foreldra og annarra uppallenda verði vakin á mikilvægi þess að lesa fyrir börn — einnig eftir að þau eru orðin læs — og þess að hvetja börn til lestrar þegar þau eru orðin læs.
- Rannsaka þarf hvað gerir börn og unglínga að áhugasömum lesendum og virkja lestrarhesta til jafningjafræðslu.
- Athygli skólayfirvalda verði vakin á tengslum lestraráhuga og lesskilnings og þar með námsárangurs.
- Lestur og læsi verði snar þáttur í öllu starfi grunnskóla en ekki aðeins í íslenskukennslu.
- Auka þarf hlut móðurmálskennslu í íslenskum grunnskólum svo að íslenskir grunnskólanemendur standi jafnfætis jafnöldrum sínum annars staðar á Norðurlöndum.
- Tryggja þarf að kennaraefni framtíðarinnar fái góða íslenskumenntun í kennaranámi sínu. Brýnt er að íslenska verði ríkur þáttur í kjarna í kennaranámi.
- Rekstur skólabókasafna þarf að treysta til þess að börn hafi þar greiðan aðgang að vönduðu lesefni.
- Auka þarf framboð á íslenskum rafbókum fyrir spjaldtölvur í þeirri von að það vekji áhuga unglínga á lestri.
- Aðgangur að hjálpartækjum til lestrar verði bættur og þróun þeirra efld. Talgervillinn *Ragga* hefur til að mynda reynst vel við að auka lesskilning barna sem eiga við leserfiðleika að stríða.
- Efnt verði til sérstaks lestrarátaks um land allt (og þar mætti ef til vill hafa *Læsebystkampagne* í Danmörku til fyrirmyndar).

Heimildir

- Aðalnámskerá grunnskóla. Almennur bluti.* 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík. Aðgengilegt á <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/nr/3953>.
- Almar M. Halldórsson. 2006. *Lesskílningur og íslenskukunnátta 15 ára nemenda: Sérstaða Íslands og forspárþættir. Niðurstöður PISA 2000 og samræmdra prófa.* Námsmatsstofnun, Reykjavík. Aðgengilegt á <http://www.namsmat.is/>.
- Almar Miðvík Halldórsson. 2011. *Kynjamunur í námsárangri í grunnskólum í Reykjavík samkvæmt PISA 2009 og samræmdum prófum.* Unnið fyrir Menntasvið Reykjavíkur. Námsmatsstofnun, Reykjavík. Aðgengilegt á <http://www.namsmat.is/>.
- Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Niésson og Júlíus K. Björnsson. 2010. *Íslenskir nemendur við lok grunnskólans Helstu niðurstöður PISA 2009 rannsóknarinnar um lesskílning og læsi í stærðfræði og náttúrufræði.* Námsmatsstofnun. Aðgengilegt á <http://www.namsmat.is/>.
- Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2009.* Íslensk málnefnd, Reykjavík. Aðgengilegt á <http://islenskan.is/>.
- Brynhildur Þórarinsdóttir. 2011. Er hjartað hætt að slá? Skólabókasöfn á krepputímum. Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstj.): *Rannsóknir í félagsvísindum XII. Félags- og mannvísindadeild*, bls. 133–40. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. Aðgengilegt á <http://hdl.handle.net/1946/10261>.
- Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason. 2010. Bóklestur íslenskra unglunga í alþjóðlegu ljósi. Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.): *Rannsóknir í félagsvísindum XI. Félags- og mannvísindadeild*, bls. 40–50. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. Aðgengilegt á <http://skemman.is/handle/1946/6738>.
- Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon og Álfgeir Logi Kristjánsson. 2011. *Ungt fólk 2011. Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 5., 6. og 7. bekk.* Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Aðgengilegt á <http://www.menntamalaraduneyti.is/>.
- Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2010.* Aðgengilegt á http://issuu.com/gudrunk/docs/stefna_og_starfsaatlun_menntasviðs_2010.
- Strommen, L. T. og B. F. Mates 2004. Learning to love reading: Interviews with older children and teens. *Journal of Adolescent & Adult Literacy* 48(3):188–200.
- Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Óttarr Proppé, Nanna K. Christiansen, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, Jón Páll Haraldsson, Bryndís Jónsdóttir, Ingveldur Hrönn Björnsdóttir og Bergsveinn Þór Jónsson. 2011. *Skýrsla starfsbóps um námsárangur drengja.* Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Aðgengilegt á <http://strakar.wordpress.com/>.
- Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir. 2009. Ný börn og nýir miðlar á nýju árfúsundi. Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.): *Rannsóknir í félagsvísindum X. Félags- og mannvísindadeild*, bls. 253–62. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. Aðgengilegt á <http://hdl.handle.net/1946/7600>.